

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn: _____ Kennitala: _____
Heimilisfang: _____ Sími: _____
Póstnúmer: _____ Staður: _____ Netfang: _____

Upplýsingar um launagreiðanda

Vinnuveitandi: _____ Kennitala: _____
Heimilisfang: _____ Sími: _____
Póstnúmer: _____ Staður: _____ Netfang: _____

Ofangreindur rétthafi og Birta lífeyrissjóður, kt. 430269-0389, Sundagörðum 2, 104 Reykjavík gera með sér eftirfarandi samning um aðild rétthafans að séreignardeild Birtu lífeyrissjóðs. Birta lífeyrissjóður sendir ofangreindum launagreiðanda og rétthafa afrit af undirrituðum samningi. Berist Birtu lífeyrissjóði upplýsingar frá rétthafa um nýjan launagreiðanda, sendir Birta lífeyrissjóður nýjum launagreiðanda afrit af samningi þessum.


1. Innborgun

Rétthafi skuldbindur sig til að greiða mánaðarlega til séreignardeildar sjóðsins sem hér segir:


_____ % af heildarfjárhæð greiddra launa _____ % mótframlag launagreiðanda skv. núverandi ráðningarkjörum

2. Sparnaðarleiðir


Blönduð leið



Skuldabréfaleið



Innlánsleið



Innlán
Skuldabréf
Hlutabréf
Önnur verðbréf

Hlutfallstölur sýna markmið um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu en vikiörk eru á einstökum eignaflokkum. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð árlega og getur breyst vegna lagabreytinga eða skv. ákvörðun stjórnar að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Vinsamlegast nálgist leiðbeiningar varðandi val á leiðum hjá Birtu lífeyrissjóði í síma 480 7000 eða á heimasíðu sjóðsins, birta.is

Ég undirrituð/undirritaður rétthafi óska eftir að inneign mín, samkvæmt samningi þessum, verði ávöxtuð með eftirfarandi hætti.

- Blönduð leið _____ %
 Skuldabréfaleið _____ %
 Innlánsleið _____ %

Sé fleiri en ein leið valin þarf að tilgreina hlutfallslega skiptingu milli leiða. Setjið vinsamlegast kross í viðkomandi kassa og tilgreinið vægi leiðarinnar fyrir aftan textann.

3. Aðrir samningsskilmálar

Rétthafi skuldbindur sig til að greiða mánaðarlega til séreignardeildar sjóðsins sem hér segir:

- 3.1. Greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að hann er gerður.
- 3.2. Rétthafa er skylt að sýna Birtu lífeyrissjóði fram á að hann greiði á hverjum tíma iðgjald til lágmarkstryggingaverndar auk iðgjalds skv. þessum samningi.
- 3.3. Hefja má úttekt innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds, þó ekki fyrir en rétthafi hefur fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna sem tilgreind eru í 3.3.1.-3.3.3.
 - 3.3.1. Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar ásamt vöxtum.
 - 3.3.2. Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi.
 - 3.3.3. Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málsl. 2. mgr. 8 gr. laga nr. 129/1997.
- 3.4. Sé inneign rétthafa minni en 500.000 krónur á hann rétt til útborgunar á skemmri tíma en greint er í töluliðum 3.3.1-3.3.3 eða með eingreiðslu ef hann óskar þess. Fjárhæðin breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.
- 3.5. Rétthafa er heimilt að ráðstafa innstæðu og flytja réttindi sín til annars vörsluaðila séreignarsparnaðar sem uppfyllir lagaskilyrði til samninga af þessu tagi. Rétthafi greiðir allt að einu prósentu af inneign sinni í kostnað vegna flutnings skv. gjaldskrá vörsluaðila. Flutningur á inneign getur tekið allt að 3 mánuði.
- 3.6. Rétthafa er heimilt að flytja innstæðu sína milli vörsluaðila, sbr. grein 3.5, en að öðru leyti er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa til þriðja aðila innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi þessum. Ekki verður gerð aðför að réttindum samkvæmt samningi þessum og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða þessi réttindi á nokkurn hátt.
- 3.7. Samningur þessi er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast upphaf uppsagnarfrestsins við afhendingu tilkynningar.
- 3.8. Samningur þessi er byggður á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 698/1998 sem sett er með stoð í lögnum.
- 3.9. Lífeyrissjóðurinn annast innheimtu iðgjalda samkvæmt samningi þessum með sambærilegum hætti og hann innheimtir iðgjöld til lágmarkstryggingaverndar. Áskilur lífeyrissjóðurinn sér rétt til að bakfæra iðgjöld sem skráð hafa verið en ekki tekst að innheimta vegna gjaldþrots vinnuveitanda eða af öðrum ástæðum.
- 3.10. Tilkynning um breytingu á mótframlagi launagreiðanda er á ábyrgð rétthafa.

Skila þarf inn afriti af löggiltum persónuskilríkjum (vegabréf/ökuskírteini). Samkvæmt lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka er gerð krafa um að einstaklingur sanni á sér deili með framvísun löggiltra persónuskilríkja áður en samningssambandi er komið á.

Undirritaðir staðfesta hér með framangreindan samning um séreignarlífeyrissparnað. Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og gilda þau lög ásamt reglugerð nr. 698/1998 um réttarsamband aðila auk þeirra skilmála sem fram koma hér að ofan.

Undirskrift

Ég geri mér grein fyrir því að með undirskrift minni samþykki ég að þær upplýsingar sem ég veiti í þessari umsókn séu vistaðar og skráðar í viðskiptasögu mína hjá Birtu lífeyrissjóði. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra er í samræmi við lög um persónuvernd og persónuverndarstefnu Birtu lífeyrissjóðs.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Samningur um séreignarsparnað

Er umsækjandi í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla?



Vegna laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningapvætti er umsækjanda skylt að svara eftirfarandi spurningu:

Til áhættuhóps vegna stjórnmalalegra tengsla teljast þeir sem eru eða hafa verið (a) háttsettir í opinberri þjónustu, (b) nánasta fjölskylda þeirra eða (c) einstaklingar sem vitað er að eru nánir samstarfsmenn þeirra.

(a) Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla teljast vera:

- Þingmenn, þjóðhöfðingjar, ráðherrar, staðgenglar ráðherra, aðstoðarráðherrar og einstaklingar í framkvæmdastjórn stjórnmalaflokka.
- Hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum.
- Dómarar við endurskoðunardómstóla og hæstráðendur seðlabanka.
- Sendiherrar og staðgenglar sendiherra.
- Fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis.
- Framkvæmdastjórar, aðstoðarframkvæmdastjórar og stjórnarmenn alþjóðasamtaka og alþjóðastofnana.

(b) Til nánustu fjölskyldu teljast:

- Maki, sambúðarmaki í skráðri sambúð, börn, stjúpbörn og makar þeirra eða sambúðarmakar í skráðri sambúð og foreldrar.

(c) Til náins samstarfsfólks teljast:

- Einstaklingar sem vitað er að hafi verið raunverulegir eigendur lögaðila með einstaklingi sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu eða aðrir þekktir starfsmenn.
- Einstaklingar sem hafa átt nán viðskiptatengsl við einstaklinga sem eru eða hafa verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.
- Einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað er að var stofnaður til hagsbóta fyrir einstakling sem hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.

Já Nei

Ef já, hvaða atriði? _____

(Komi í ljós að einstaklingur er leitar viðskipta tilheyrir áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla er starfsmönnum Birtu óheimilt að hefja viðskipti við slíkan aðila fyrir en heimild liggur fyrir.)